



Pési

Næsti Pési kemur út
14.jan. 2016. Efni þarf
að berast í síðasta lagi
10.jan 2016.

JÓLA OG ÁRAMÓTAKVEÐJA.

***Sendum íbúum Hrunamannahrepps, sumar-
húsaeigendum og öllum viðskiptavinum
nær og fjær,
hugheilar jóla og nýárskveðjur með þakklæti
fyrir árið sem er að líða.***

***Sveitarstjórn og starfsfólk
Hrunamannahrepps.***



des 2015
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

25. árgangur.
299 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Þá er desember genginn í garð með sinni jólastemmingu. Veturinn er farinn að minna á sig fyrir alvöru og það hefur áhrif á hin hefðbundnu vetrarstörf. Nú er vinna við fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 lokið, auk árána 2017-2019, sem sveitarstjórn er búin að samþykkja. Þegar þessi vinna er frá er næsta skref að fara að undirbúa næsta ár. Næsta ár verður nú í rólegri kantinum með framkvæmdir því við þurfum að blása eftir mjög svo miklar framkvæmdir vegna gatnagerðar, veitumála og íþróttahúss á þessu ári. Það sem blasir við þessu sveitarfélagi og reyndar öllum, er að launakostnaður er að aukast mjög mikið og við verðum að stilla okkar af miðað við það. Stórar framkvæmdir með lántöku þurfa helst að biða eitthvað þó skv. áætlunum muni skuldahlutfallið lækka strax verulega á næsta ári.

Allt þetta truflar vonandi ekki mikið önnur fjárfestingar- og viðhaldsverkefni sem sveitarfélagið ætlar sér í á næstu árum. Hvammsvegur verður kláraður og það er reyndar mjög gaman að sjá að það er byrjað á þeirri framkvæmd. Ekki spillir heldur fyrir „stuðlabergs“ reiðvegurinn undir Litlu-Laxárbrúna. Þá er áfram gert ráð fyrir verulegum fjármunum í ytra viðhald á Flúðaskóla sem þarf að halda áfram næstu árin. Þá þarf að huga að utanhúss viðhaldi á íbúðum við Vesturbrún, einnig þarf að vinna að brunavarnarmálum í félagsheimili, skóla og íþróttahúsi en þar er verið að gera kröfur um umbætur. Þá þarf að klára að koma fjórða búningsklefanum í gagnið í íþróttahúsinu og fleiri innansleikjur í kjölfar stækkunarinnar. Einnig á að fara í að hanna áframhaldandi uppbyggingu á íþróttasvæðinu við íþróttahúsið, þó hæpið sé að farið verði í miklar framkvæmdir á næsta ári. Þá á að halda áfram með minni verkefni eins og að klára merkingar í Lækjargarðinum á Flúðum, vinna að fegrum umhverfis o.fl. sem við höfum verið að vinna í undanfarin ár.

Svo minnst sé á garðinn á Flúðum þá var það niðurstaða nafnanefndar garðsins að hann verði kallaður Lækjargarðurinn á Flúðum. Gömlu svæðin og kennileiti halda síðan sínum nöfnum eins og Gróðrarstöðin, Kvenfélagsgarðurinn/skógurinn, Trjásafnið, Laufeyjarlundur og Hveratangi. Það verður spennandi að klára það verkefni á næsta ári að koma upp skiltum í Lækjargarðinum og hjá Fjalla-Eyvindi og Höllu.

Þó kostnaður sveitarfélagsins vegna reksturs stofnana sveitarfélagsins sé að aukast þá ákvað sveitarstjórn að fara í ákveðnar aðgerðir til að koma sérstaklega til móts við barnafólk. Frá og með næstu áramótum hefur verið ákveðið að taka upp tólmundastyrki fyrir börn á aldrinum 6-16 ára.

Fjárhæð styrksins er að hámarki 10.000 á önn eða samtals 20.000 á ári. Fólk getur sótt um slíkan styrk á vorönn 2016 og verða upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins. Þá ákvað sveitarstjórn einnig að lækka fyrirhugaða hækkun leikskólagjalda úr 4,5% í 3,2%, hækka systkinaafslátt fyrir annað barn úr 25% í 50% og hækka ekki gjaldskrá mötuneytis í leikskóla milli ára. Vonandi nýtast þessar aðgerðir til að létta barnafólki lífið í sveitarfélaginu.

Annars er ljóst að það er að kvikna á mörgum ljósum vegna verkefna í sveitarfélaginu og reyndar Uppsveitum öllum því allt sem er gert hjá okkur og nágrönnum okkar mun nýtast svæðinu sem heild. Það eru pælingar um hótél, Vesturport hefur áhuga að koma að sýningum á Grafarsvæðinu, fyrirspurnir um lóðir á Flúðum eru komnar af stað svo eitthvað sé nefnt. Þá heldur áfram vinnan við nýtingu Kópsvatnsholunnar og hún verður látin blása um og eftir áramótin, meðal annars til að gleðja þá sómamenn Kópsvatnsbræður.

Annað verkefni sem er að slíta barnskónum er seyruverkefnið okkar á Seyrustöðum. Þó ýmsir byrjunarörðugleikar hafi verið á þessu ári, sérstaklega vegna þess tíma sem farið hefur í aðstöðumál, þá virkar þetta mjög vel og væntanlega til fyrirmyndar fyrir landið allt um lausnir á þessum málaflökki. Landgræðslan er mjög ánægð með niðurstöður landgræðsluhlutans á seyrunni. Eitt er þó að þvælast fyrir okkur í bókstaflegri merkingu og það er að fólk er að setja t.d. þurrkur, blautklúta og önnur efni í klósettin hjá sér sem gera mikinn óskunda í tækjunum og vefjast um keðjur og drif. Þetta hefur m.a. valdið okkur tjóni og töfum í sumar og bið ég fólk að setja slíka hluti í ruslið en ekki klósettið.

Hrós dagsins fá þrír aðilar. Ég vil hrósa sóknarnefnd Hrunakirkju fyrir 150 ára vígsluafmælið en mjög vel var staðið að því. Sérstaklega vil ég lýsa ánægju með steingarðinn sem hlaðinn var upp á hluta kirkjugarðsins en það verk er mjög til sóma og lýsir miklum metnaði. Síðan vil ég óska henni Evu Marín á Hrafnkelsstöðum til hamingju með doktorsgráðuna í stjórn málafræði. Þetta sýnir að það þurfa ekki allir að búa á höfuðborgarsvæðinu til að geta nýtt sér möguleika til menntunar og starfa. Síðan bíða menn spenntir á Flúðum eftir að bakarið á Ljónastígnum opni en það er til fyrirmyndar að fólk sem flytur í sveitarfélagið reyni að skapa sér atvinnu. Þó þetta sé nú framleiðslubakarí en ekki verslun þá er þetta framtak til sóma og maður finnur bakarísilminn í loftinu.

Í tilefni árstíðarinnar vil ég minna fólk á að athuga með reykskynjara og slökkvitæki í hýbýlum sínum. Endilega prófið því reykskynjara og athugið með dagsetningar á skoðun slökkvitækja. Hægt er að fara með slökkvitækin í yfirhalingu niður á Selfoss m.a. til Slökkvitækjapjónustu Brunavarna Árneseyslu og fá rafhlöður hjá þeim í reykskynjara.

Núna hefur stærra íþróttahús verið í notkun í nokkra mánuði og almenn ánægja með. UMFH hefur gengið vel að safna styrkjum til tækjakaupa og pöntunarlistinn að verða tilbúinn. Það er þeim, sem að hafa komið til sóma hvað margir hafa verið tilbúnir að styðja þetta verkefni UMFH.



Nú hefur verið ákveðið að vígsla, eða endurvígsla, fari fram á íþróttahúsinu þriðjudaginn 29. desember n.k. með uppákomu í íþróttahúsinu. Hugmyndin er að börnin fái að njóta sín og síðan er verið að vinna að því að fá einhvern viðburð í framhaldinu. Hvet ég alla til að kíkja á þessa hátíð og fagna áfanganum.

Varðandi jólin minni ég á að áramótabrenna verður á Flúðum og „þrettándabrenna“ og flugeldasýning Björgunarfélagsins Eyvindar verður laugardaginn 9. janúar 2016. Ég vil hvetja alla til að njóta aðventunnar með fjölskyldunni og finna hinn rétta jólaanda. Að lokum vil ég sérstaklega þakka öllu starfsfólki Hrunmannahrepps fyrir góð störf á árinu og sendi íbúum og gestum sveitarfélagsins mínar bestu jóla- og áramótakveðjur.

Eigum góð og gleðileg jól saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjapjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í

reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunmannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Meiraprófsbílstjóri óskast.

Flúðaleið ehf, sem sér um vöruflutninga fyrir Eimskip og Samskip í uppsveitir Árnessýslu, óskar eftir meiraprófsbílstjóra til að sinna akstri á sendibílum, flutningabílum og trailerum.

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Pálmari í síma 892-2370 og á netfanginu: fludaleid@simnet.is



Hreppamaðurinn.

Hreppamaður heitir blað
hendingar og ræður.

Kæru vinir kaupið það
konur, menn og bræður.

Öll 12 rit Bjarna Guðmundssonar frá Hörngsholti fást ennþá í Þverspyrnu á 4000 kr. öll ritin. Tilvalið í jólapakkann. Allur ágóði fer til líknarmála. Verið velkomin. Guðrún Þorsteinsdóttir Þverspyrnu. Sími: 486 6735

Jólamyndatökur

Býð upp á jólamyndatökur núna fyrir jól

Kíktu við og skoðuðu það
sem ég hef upp á að bjóða.

www.ivalsaeland.is

Ívar Sæland ljósmyndari
Sími 863-5231
ivar@ivalsaeland.is





Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta Grímsnesið,

Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum eftir bestu getu.

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Hand-snyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímapantanir í Síma 856-1599



Upplit

Menningarklasi uppsveita Árnessyslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Þar sem kvennakórinn Uppsveitasystur hefur ekki verið starfræktur undanfarið var ákveðið að ánafna Ungmennafélagi Hrunamanna öllum sjóði kórsins og er myndin tekin við það tilefni.

Stjórn Ungmennafélags Hrunamanna þakkar Uppsveitasystrum kærlega fyrir stuðninginn og munu rúmlega 230 þúsund krónur frá kórnum renna í kaup á nauðsynlegum tækjum og áhöldum í nýtt íþróttahús fyrir iðkendur UMFH.

Á myndinni eru:
frá vinstri:

Þórdís Bjarnadóttir og
Halla Gunnarsdóttir
f.h. Uppsveitasystra,
Elsa Ingjaldsdóttir
f.h. UMFH og
Óðinn Pétur, fulltrúi
framtidariðkenda
UMFH



Sundlaugin á Flúðum. Vetraropnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Jól og áramót:

23. -26. des. og gamlársdag og nýársdag er LOKAÐ.

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga 16:00-21:30

Föstudaga: 13:00-18:00.-

Einnig er opið á laugardögum ef mót eru í gangi,
frá kl: 12:00-15:00

Jól og áramót:

23. -25. des. og gamlársdag og nýársdag er LOKAÐ.

21. 22. 28. 29. og 30. des er opið frá kl: 16:00-21:00.

Frá og með 4. janúar 2016 er hefðbundin opnun



Aðventan á Grund, Flúðum

Föstudagskvöldið 11. desember og
laugardagskvöldið 12. desember

kl. 18:00 – 21:00

Þjóðum við upp á jólamat
á kr. 6.900,- á mann.

Forréttir

Jólasíld, taðreyktur urriði, grafinn lax, marineruð lúða í kóríander og lime, villibráðabollur, grafið lamb og tilheyrandi meðlæti.

Aðalréttir

Villijurtakryddað lambalæri, hangikjöt, kalkúnabringa, hægeldaður léttreiktur svínahnakki í barbeque og tilheyrandi meðlæti.

Eftirréttir

Ris a la mande, súkkulaðímús, heit eplakaka, smákökur.



Borðapantanir í
síma 565 9196
896 1286 / 896 7394



Hrunakirkja 150 ára.

Hrunakirkja stöðug stendur
stormur mun ei henni granda.
Almáttugar helgar hendur
halda að þér verndar anda.

Inn í látlaust guðshús gakktu
geymdu þá stund í hjarta þínu,
boðskap Jesú tryggur taktu
trúin léttir þraut og þínu.

Brestur í fjöllum gustur frá glugga,
glæðlegur logi leikur við skugga,
af bláleitu lofti stjörnurnar skína
skreyta svo fallega kirkjuna mína

Hvorki gulli' né silfri slegin
slær að vitum gamal angan.
Bekkir standa beggja megin
blær að handan strýkur vangann.

Jesú Kristur brauðið brýtur
bikar lífsins ber að vörum.
Frá altarinu yfir lítur
óskar þess að til hans förum.

Vaktu Guð yfir söfnuði sveitar
sannlega auðmjúkur til þín hann leitar.
Frá Hrunastað við horfum til þín
hér verður ætíð kirkjan mín.

MSB

Afmælissálmur Hrunakirkju frum-
fluttur í hátíðarmessu.

Í hátíðarmessu, 29. nóvember sl., í
tilefni af 150 ára vígsluafmæli Hruna-
kirkju frumflutti kirkjukórinn sálm sem
ortur var í tilefni tímamót-
anna. Höfundur textans er Magga S.
Brynjólfssdóttir en lagið samdi Stefán
Þorleifsson, organisti
kirkjunnar. Sálmurinn hljómaði
afskaplega fallega í messunni og ekki
er textinn síður góður og viðeig-
andi. Hann má lesa hér til hliðar í
heild sinni.





Samkaup strax

Opnunartími um jól og áramót.

Þorláksmessa 23. desember	09:30-18:00
Aðfangadagur 24. desember	10:00-13:00
Jóladagur og annar í jólum	LOKAÐ
Sunnudagur 27. desember	11:00-17:00
Mánudagur 28. desember	09:30-18:00
Þriðjudagur 29. desember	09:30-18:00
Miðvikudagur 30. desember	09:30-18:00
31. desember Gamlársdagur	10:00-13:00
Nýársdagur 01.01.2016	LOKAÐ
Laugardagur 02.01.2016	10:00-18:00

JÓLAPÓSTKASSINN ER Á SÍNUM STAÐ

Frímerki eru seld í búðinni.

Munið helgartilboðin.

Bækur á tilboðsverði.

**Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða.**

Jólakveðjur

Starfsfólk Samkaupa

Strax á Flúðum.

Sími: 486 6633

GLEÐILEG JÓL.



Skötuveisla Við Faxa.

Við verðum með skötuveislu í hádeginu á Þorláksmessu
frá 11,30 til 14,00

Á borðum verður skata og saltfiskur ásamt klassísku meðlæti



Verð 2.500 kr. á mann
Hálfvirði fyrir börn á grunnskólaaldri og fritt fyrir yngri.

Borðapantanir í síma 774 7440 í síðasta lagi 22. des.





Flúðaleið ehf

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-8:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 12:00

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla söluaðila.

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8-12 og 13-17 alla virka daga. Sími skrifstofu 486-1070, Halldóra og 892-2370 Pálmar netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371-Dawid útkeyrsla og Selfoss

892-2372-Kamil Flúðir-Reykjavík.

892-2316-Lukasz útkeyrsla

892-2308-Trailer.

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

Handavinna!

Óska eftir gefins afgangsgarni, allt kemur til greina.

Vinsamlegast komið því til þabba míns,

Ásgeirs frá Kaldbak.

Með fyrirfram þökk, Eydís





Jólakveðja

Sendum öllum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða Flúðaleið og SR-Grænmeti Flúðum.



Frá Félagi eldri Hrunamanna

Guðmundur og Margrét, hótelsstjórar, bjóða eldri borgurum í árlegt aðventukaffi **fimmtudaginn 10. desember kl. 16:00** á Hótel Flúðum.

.....OOO.....

Vetrarstarfið í kjallaranum á Heimalandi hefst aftur á nýju ári **þriðjudaginn 12. janúar.**

.....OOO.....

Árshátíð félagsins verður haldin **fimmtudagskvöldið 18. febrúar 2016** í Félagsheimili Hrunamanna. Nánar auglýst síðar.

Takið daginn frá.

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum ykkur liðnar samverustundir.

Bestu kveðjur,
stjórnin

Hvenær er mælirinn fullur?

Íslendingar eldast sem aldrei Fyrr. Við Hrunamenn og nágrannar okkar erum engir eftirbátar annarra landsmanna á því sviði. En hvað gerist með hækkandi aldri? Jú það er ósköp einfalt, lífskrafturinn og þrekið minnar, við finnum fyrir stirðleika og verkjum hér og þar um líkamann og úthaldið þverr. Við erum lengur að sinna okkar verkum og þreytan sækir að. Mörg okkar, bæði hjón og einstaklingar búa í alltof stóru húsnæði og garðurinn er farinn að íþyngja svo að um munar. Mörg okkar hálf gefumst upp. En hver eru úrræðin? Þau eru einföld. Við erum dæmd ófær um að hugsa um okkur sjálf og erum þá send hreppaflutningum hingað og þangað um landið. Nú spyr ég? Er þetta ásættanlegt? Er þetta framtíðin sem blasir við okkur? Hér í Hrunamannahreppi eru nokkrar íbúðir fyrir aldraða, þar er íbúunum gefinn kostur á að fá hádegismat í kjallara elliheimilisins en þar er sá galli á að sumir verða að fara á milli húsa í hvaða veðri sem er. Ég hef þá skoðun að við eigum ekki að byggja fleiri svona smáhús heldur eigum við að byggja þjónustuhús með átta til tólf íbúðum, á þremur hæðum með möguleika á stækkun eftir þörfum. Á fyrstu hæð þarf að vera eldhús þar sem eldað er fyrir íbúana, og þvottahús þar sem íbúarnir geta þvegið sjálfir eða fengið þvegið af sér. Þá þarf líka að vera tómsundasalur þar sem íbúarnir geta hist og átt góðar samverustundir. Þar mætti gjarnan hafa þrekhjól og göngubretti. Með svona aðstöðu mætti fresta um mörg ár hvenær við þurfum að fara á hjúkrunarheimili. En stóri vandinn er hvernig á að fjármagna svona Hús. Ein leiðin er að semja við stóra fjárfesta að byggja húsið og leigja það síðan. Þá væri mögulegt að stofna samtök eldri borgara í samvinnu við sveitarfélagið og ríkið að byggja húsið þar sem einstaklingar eða hjón keyptu sér íbúð eða leigðu við sitt hæfi. Skynsamlegt væri svo að selja gömlu íbúðirnar sem nú eru í notkun. Alltaf vantar húsnæði hér á Flúðum. Ég skrifa þessar hugleiðingar til að vekja umræðu um þessi mál, og skora á ykkur eldri borgarar sem og yngri, að láta í ykkur heyra um þetta brýna verkefni. Kær kveðja. Karl Gunnlaugsson Varmalæk.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Um jól og áramót er opið á Þorláksmessu frá 09:00-12:30.

24. 25. og 31. des LOKAÐ!





Jólamaður og jólatrjáasala Björgunarfélagsins Eyvindar

Laugardaginn 12. desember verður okkar árlegi jólamaður og jólatrésala í húsi okkar að Smiðjustíg 8 á Flúðum.

Jólamaðurinn byrjar kl 13 og verður til kl 16.

Jólatrjáasalan verður frá kl 13 til kl 20 laugardag og frá kl 14 til 17 sunnudaginn 13. des.

Erum með allar helstu tegundir af jólatrjám.

Á maðinum er mikið úrval af söluvöru og fjáröflunartombólan okkar verður á sínum stað. Í ár erum við að safna fyrir hand gps tækjum sem nýttast munu leitar og björgunarrópum í útköllum.

Heitt súkkulaði og piparkökur verða í boði.

Um kl 14:30 koma jólasveinar sem ætla að gefa krökkum smá jóla glaðning.

Við stöndum einnig fyrir flóamaðum sem verður í næsta húsi við björgunarsveitarhúsið, Smiðjustíg 10.

Þeir sem hafa áhuga á að panta söluborð á maðum og á flóamaðum, vinsamlegast hafið samband við Else í síma 690-6024 eða á netfangið else@internet.is borðaleiga kosta 1000 kr.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Með jólakveðu Björgunarfélagið Eyvindur.

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

Flutningaþjónusta Unnars

Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



Hár-Hrun

Clippi í Félagshemili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Fótsnyrtistofan Heimalandi auglýsir!

Verð með opið miðvikudaginn 16. des.

Tímapantanir í síma: 863 0433.

Athugið!! gjafakort til sölu. Tilvalið í jólapakkann:)

Framvegis verður opið á miðvikudögum

Allir velkomnir!

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA



LAUGARVATN

fontan
Hálandsgöngu

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt



RAFMAGNSVERKSTÆÐI JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR!
FALA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS



HRUNAPRESTAKALL

Helgihald um jól og áramót

24. desember - aðfangadagur: Guðsþjónusta á aðfangadagskvöld í *Stóra-Núpskirkju kl. 23.*

25. desember - jóladagur: Hátíðarmessur. *Hrunakirkja kl. 11 og Ólafsvallakirkja kl. 14.*

Ljósaguðsþjónusta á jóladagskvöld í *Hrepphólakirkju kl. 22.*
Kirkjan lýst upp með kertaljósum.

31. desember - gamlársdagur Guðsþjónusta í *Tungufellskirkju kl. 15.*

Aftansöngur í *Stóra-Núpskirkju kl. 16:30.*

3. janúar – fyrsti sunnudagur í nýári: Nýársmessu í *Hrepphólakirkju kl. 14.*

Sjáumst í kirkjunum um hátíðarnar. Guð gefi okkur góða aðventu og gleðileg jól.

*Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur*

ÁSBÚÐIN

OPNUNARTÍMI Í DESEMBER

OPIÐ 13.00 – 17.00

NEMA ÞRIÐJUDAGA OG FIMMTUDAGA

ÞÁ ER LOKAÐ.

LAUGARD. 11.00-13.00

SÍMI: 856-1580

Jóla­kveðja

Kæru sveitungar og vinir

Mínar bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt ár, þakka hlýjar kveðjur og óskir, það ylj­ar mér um hjartarætur.



Sendi kvenfélagskonum hjartans þakkir fyrir dýrmætan stuðning á árinu, megi allt hið góða styðja ykkur og styrkja.

Gangið öll á Guðsvegum og hljótið allt hið besta, með hjartans þökk fyrir mig alla tíð.

Bestu kveðjur

Hanna Sigga.



Barnaskemmtun Kvenfélags Hrunamannahrepps, verður haldin í félagsheimilinu á Flúðum, sunnudaginn 27. des. nk. og hefst kl. 14.

Séra Óskar í Hruna talar til okkar, Karl Hallgrímsson og fjölskylda sjá um tónlistina, og að sjálf­sögðu mæta jóla­sveinarnir með gott í poka, handa börnunum. Óskað er eftir því, að komið sé með meðlæti á kaffihlaðborðið, en kvenfélagið sér um drykkjarföngin. Aðgangseyrir 1000 kr. fyrir eldri en 16 ára.

Verum nú dugleg að mæta, á þessa árlegu fjölskylduskemmtun.

Við viljum þakka ykkur kærur sveitungar fyrir samhug og veitta aðstoð í kjölfar fráfalls Lárusar Daniéls Stefánssonar í október síðastliðnum. Samfélagið hefur sýnt og sannað að íbúar þess standa með náunganum í erfiðleikum og því er ekki hægt að hugsa sér betri sveitunga. Sendum ykkur öllum kærar kveðjur og ósk um gleðilega jólahátíð, og farsæld á nýju ári.

Þess óska

Sigfríð Lárusdóttir

Guðlaugur Garðar Lárusson

Anna Kristín Lárusdóttir

Sigfríð Lárusdóttir (eldri)

Finnbogi Jóhannsson



Í tilefni af 15 ára afmæli okkar þá gefum við

15%

afmælisafsláttur af

Josefa.

gæludýrafóðri, saltsteinum, steinefnablokkum, steinefnafötum, vítamínblokkum, Supramil T mjólkurdufti

**Óskum
viðskiptavinum
okkar sem og
landsmönnum
öllum gleðilegra jóla**



Gunnbjarnarhöll
801 Selfoss
Sími 480 5600



Frá Bókasafni Hrunamanna



Það er fátt betra, nú þegar skammdegið er allsráðandi, að koma sér vel fyrir með góða bók. Því er um að gera og kíkja á bókasafnið og athuga hvað bíður spennandi í hillunum. Fullt af nýjum bókum fyrir alla aldurshópa. Einnig er búið að taka fram bækur sem innihalda jólasögur sem gaman er að lesa fyrir börnin á þessum árstíma. Á leikskólum og í grunnskólum landsins eru börnum sagðar sögur og lesið fyrir þau úr bókum. Það virðist hins vegar ekki duga til í öllum tilfellum. Heimilin þurfa líka að leggja sitt af mörkum og fátt er reyndar notalegra en að eiga litla sögu-stund með barni sínu í lok erilsams dags. Foreldrar eru því sérstaklega boðnir velkomnir á safnið með börn sín og leyfa þeim að velja sér bók/bækur sem vekur áhuga þeirra.

Verið öll hjartanlega velkomin.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Munið skilalúguna! ☺

Bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.
Takk fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

Með jólakveðju,

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



BRENNUR!

Áramótabrenna verður á tjaldsvæðinu
á Flúðum gamlársgl. kl. 20:30.

Þrettándabrenna verður á sama stað
9. janúar 2016 kl. 20:00.





Smárafréttir

DESEMBER 2015



Hæ krakkar, okkar er ánægjan að segja frá skemmtilegri haustferð okkar! Föstudaginn 30. Október fórum við með Logakrökkunum í stærstu rútu sem ÞÁ hafði upp að bjóða í árlega haustferð okkar. Fyrst heimsóttum við Kjarr og fengum við flottar móttökur og veitingar. Þar var börnum boðið að setjast á sjálfann höfðingjann Stála frá Kjarri!! Næst héldum við í Grænhól til Gunnars og Krissu. Ekki voru móttökurnar eða veitingarnar síðri þar. Fengum við svo að sjá þá Topp, Gígjar og Gára frá Auðsholtshjáleigu. Við þökkum þeim öllum kærlega fyrir hlýjar móttökur! Mikil upplifing og innblástur fyrir unga hestamenn! Loks enduðum við á að fara á Mika í glæsilegt pizzahlaðborð. Allir saddir, sælir og sáttir eftir mjög skemmtilegan dag! Takk fyrir okkur!

Hér fyrir neðan kemur nú fyrirhugað plan fyrir 2016! Þetta er "lifandi" plan og biðjum við alla að fylgjast vel með tilkynningum á Facebook síðu Smáarakrakkar.

Öllum þeim sem komu að Æskulýðstarfi Smára, sem studdu okkur með vinnu, peningum og gjöfum, eru færðar kærar þakkir!



Hekla Katharína Kristinsdóttir kom til okkar í reiðhöllina á Flúðum og var með flotta sýnikennslu í lok nóvember.



SMÁRI

DAGSKRÁ 2016

(birt með fyrirvara um breytingar)

JANÚAR	Fræðslukvöld með Guðríði Evu dýralækni
JANÚAR	Upplýsingakvöld um æskulýðsstarf f. börn og foreldra
24 JANÚAR	Aðalfundur Smára
13 FEB	1 vetrarmót
19 FEB	Uppsveitadeild fullorðinna
5 MARS	Uppsveitadeild Æskunnar
6 MARS	2 vetrarmóit
FEB-MARS	Námskeið fyrir lengra komna með eigin hesta -undirbúningur fyrir Uppsveitadeild Æskunnar
18 MARS	Uppsveitadeild fullorðinna
23 MARS	Sameiginlegt tölmtót Smára, Loga og Trausta
8 APRÍL	Uppsveitadeild fullorðinna
16 APRÍL	Uppsveitadeild Æskunnar
23 APRÍL	3 vetrarmót
MARS-MAÍ	Reiðskóli með Steina í Syðra-Langholti
7 MAÍ	Uppsveitadeild Æskunnar
27-29 MAÍ	Hestheimaferð
MAÍ-JÚNÍ	Þjálfun fyrir Landsmót
26 JÚNÍ	Brokk og Skokk
27.6-3.7	LANDSMÓT Á HÓLUM

Hestamannafélagið Smári þakkar félögum sínum og öllum þeim sem hafa starfað með okkur á einn eða annan hátt á árinu 2015 kærlega fyrir ánægjulegar stundir í fjölbreyttu starfi félagsins. Gleðileg jól og farsælt komandi ár með von um gott samstarf á komandi vetri.



Leikskólafréttir!

Hjá okkur gleðigjöfunum í Undralandi eru nóvember og desember sérstaklega líflægir, spennandi og skemmtilegir mánuðir. Unnið er að jólagjöf fyrir þabba og mömmu sem er eins og nærri má geta algjört leyndarmál. Desember er svo með margvíslegum viðburðum og tilhlökkun. Alla daga fram að jólum hittumst við inni á Móakoti sem er yngsta deildin, syngjum saman jólalög og kveikjum á aðventukransinum sem börnin á Skógarkoti bjuggu til.

Við bökuðum piparkökur og buðum foreldra sérstaklega velkomna, 1.bekkur úr Flúðaskóla komu líka til okkar í baksturinn. Hjá okkur eru kökurnar ekki innsiglaðar í stömpung lengst uppi á hillu, heldur borðum við þær strax ylvogar og ilmandi með iskaldri mjólk.


Foreldrafélagið kveikti á útijólatrénu okkar 30. nóvember og er það daglegt brauð að börnin fari að trénu til að athuga, dást eða rannsaka ljósin enda er tréð einstaklega jólalegt með yndislega litrikum ljósum sem skína svo fallega í gegnum snjóinn sem hefur fallið á tréð.

Foreldrafélagið býður okkur einnig uppá leiksýningu núna í desember og munum við sjá leikritið Langafi þrakkari. Yngsta stigið í Flúðaskóla mun líka njóta sýningarinnar. Foreldrafélagið mun svo halda dekri sínu áfram og hjálpa okkur á jólaballinu og bjóða uppá kaffiveitingar sem munu ylja öllum í hátíðarundirbúningnum.



Ljós og skuggi!

Við höfum verið að læra um ljós og skugga og uppgötva margt skritið og skemmtilegt með myndvörpum og ljósum. Náttfata- og vasaljósadagur var liflegur dagur og bauð uppá margvíslegar umræður og tilraunir. Lína Langsokkur fékk góða kynningu og lifnaði við á skuggatjaldi, Karnival dýranna hefur fangað hug barnanna og er væntanlegt á skuggatjaldið. Litir, form, tölur, áferð, bókstafir, samvinna, kærleikur, umhyggja, umhverfið og kennarar taka þátt í að móta og fræða börnin við leik og störf.



Sveppaleikur

22. september 2015

Fórum í gönguferð í nærliggjandi umhverfi við leikskólann

Börn: Steinunn Birna, Andri, Ingibjörg Anna, Kristín Viðja, Siggeir Sölvi, Oskar, Sigrún Björk, Emma Rún. Fleiri börn voru í gönguferðinni en vildu ekki vera með í leiknum.

Kennarar: Elma, Hlíf og Jónína.



Börnin voru í dýraleik, þar sem kennarinn breytti þeim í ákveðin dýr og þau hermdu eftir hljóðum og hreyfingum. Allt í einu fundu þau kúalubba (svartur sveppur með dufti inni í).



Þá breyttist leikurinn og kennarinn breytir þeim í sveppi. Þau voru mjög hissa á því og voru í fyrstu mjög litil og túlkuðu það með mjög litlum hreyfingum.



Kennarinn fer með í leikinn og kennir þeim allt um vinnslu á sveppum. Hann sker neðan af þeim stilkana, setur þá í bláu öskjuna og pakkar þeim inn í plast. Er svo á leiðinni að hringja í grænmetisbílinn þegar eitt barn segir; „það vantar límmiða!“ Kennarinn hringir svo í grænmetisbílinn eftir að hafa sett límmiða á sveppaboxin. Þessu ferli er svo lokið.

Börnin ekki sátt við að leik lyki svo þau biðja kennarana um gera allt aftur. Allt ferlið með þökkun og annað er tekið upp þegar annar kennari kemur og kaupir sveppaöskjuna. Kennarinn tekur plastið af öskjunni og tekur einn og einn „svepp“ = barn, saxar það niður og leggur á jörðina sem er stóri potturinn. Þar með eru öll börnin komin í Sveppasúpuna góðu. Kennarinn hrærir í súpunni, börnin liggja öll saman og það er mikið hlegið. Annar kennari býður einu barni að smakka, það vill það ekki. Þá býður kennari öðrum kennara að smakka og honum finnst þetta gott. Þá vildu öll börnin í Sveppasúpunni fá að smakka.



Niðurstaða: Börnin læra vinnuferlið í kringum sveppina. Gaman að sjá þegar einn nemandi gat opnað sig og sagt frá vinnuferli sem hann þekkir vel til. Þá komu líka skemmtilegar umræður. Þetta er dæmi um samfélagsfræðikennslu í leikskóla þar sem börnin, kennarinn og umhverfi okkar, hjálpast að við nám barnanna.

Skráning: Elma, Gréta og Jónína. 23/9.



Flugeldasala



Björgunarfélagsins Eyvindar

Verður í húsi félagsins:

Mánudaginn	28. desember	kl. 13:00 - 22:00
Þriðjudaginn	29. desember	kl. 13:00 - 22:00
Miðvikudaginn	30. desember	kl. 13:00 - 22:00
Fimmtudaginn	31. desember	kl. 10:00 - 16:00
Þriðjudaginn	5. janúar	kl. 20:00 - 22:00
Miðvikudaginn	6. janúar	kl. 16:00 - 20:00

**Minum á flugeldasýninguna sem verður
laugardaginn 9.janúar 2016 þá verður einnig brenna.**

Hægt verður að kaupa hlut í sýningunni á opnunartíma eða
leggja inn á okkur.

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Með þökk fyrir stuðninginn á líðandi ári.

Björgunarfélagið Eyvindur

Kt:460100-2590 banki:0325-26-2590 bfeyvindur@simnet.is